

36. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar mánudaginn 3. október 2011 2011, kl. 08:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) **Ársfundur Norðurár bs. 15. september 2011**
 - b) **Almannaverndarnefndar Húnavatnssýslna 27. september 2011**
 - c) **Bs. um Tónlistarskóla 21. september 2011**
 - d) **Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 9. september 2011**
2. **Bréf frá Félags-og skólaþjónustu A-Hún dags. 29. september 2011**
 3. **Bréf frá Þór Jakobssyni dags. 23. september 2011**
 4. **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 21. september 2011**
 5. **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 19. september 2011**
 6. **Grunnskólinn og Íþróttamiðstöð Blönduósbæjar**
 7. **Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) **Ársfundur Norðurár bs. 15. september 2011**
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.
- b) **Almannaverndarnefndar Húnavatnssýslna 27. september 2011**
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarráð samþykkir kostnaðaráætlun vegna hópslysaæfingar sem haldin verður 14. og 15. október n.k. Bæjarráð hafnar að greiða kr. 150,- pr. íbúa vegna ársins 2012. Bæjarráð vísar þeim lið til fjárhagsáætlunar 2012. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.
- c) **Bs. um Tónlistarskóla 21. september 2011**
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.
- d) **Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 9. september 2011**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

2. Bréf frá Félags-og skólaþjónustu A-Hún dags. 29. september 2011

Samkvæmt lögum eiga sveitarfélög að gefa fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu. Bæjarráð felur bærstjóra að bregðast strax við erindinu.

3. Bréf frá Þór Jakobssyni dags. 23. september 2011

Þór Jakobsson hefur afhent Kvennaskólanum á Blönduósi skjöl, bækur, muni og myndir sem Þór hefur áskotnast á löngum starfsferli sínum erlendis sem innanlands. Verið er að hanna undir leiðsögn Jóns Þórissonar fundar-og vinnusal í Kvennaskólanum á Blönduósi. Mun herbergið bera nafnið „Þórsstofa-Íshafsleiðin til Kína“. Þór og kona hans Jóhanna Jóhannesdóttir hafa gefið Þórsstofu kr. 500.000 sem fer til uppbyggingar stofunnar.

Bæjarráð þakkar kærlega fyrir hina höfðinglegu gjöf.

4. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 21. september 2011

Í júní 2011 sendi eftirlitsnefndin bréf til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins þar sem gerð er grein fyrir hlutverki nefndarinnar og skyldum sveitarstjórna varðandi fjármál sveitarfélaga. Með bréfi þessu er það vilji nefndarinnar að halda áfram samskiptum sínum við kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum með það að markmiði að auka upplýsingar, auðvelda samannburð á rekstrarlegum og fjárhagslegum stærðum milli sveitarfélaga og skapa umræðu um fjármála þeirra.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 19. september 2011

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011 verður haldinn miðvikudaginn 12. október n.k. á Hilton Hótel Nordica.

Bæjarstjóri sækir fundinn.

6. Grunnskólinn og Íþróttamiðstöð Blönduósbæjar

Bæjarstjóra falið að vinna frekar að rekstrarfyrirkomulagi Íþróttamiðstöðvar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 09:40

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)